

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. — Ákærða Ólafi Sigurðssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir-dómi, málaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 30/1906: Árni Davíðsson og Hjörtur Þorkelsson
 gegn
 Jóni Jónssyni eða til vara Þorbergi
 Þórarinssyni f. h. Louis Zöllners.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Þorbergur hreppstjóri Þórarinsson af hendi Jóns Jónssonar frá Múla sem aðal-umboðsmanus L. Zöllners stórkaupmanns gegn áfrýjendunum til að fá þá dæmda til að greiða nefndum stórkaupmanni eftirstöðvar af skuld kaupfélags Þórshafnar við Zöllner 4782 kr. 41 e., ásamt 6% vöxtum af skuldinni frá 1. nóv. 1902, en áfrýjendurnir töldu sig eigi skylda til að greiða skuldina af eigin fé og kröfðust því aðallega sýkunar í málinu að öllu leyti, en til vara, að krafa sækjandans væri færð niður um 1462 kr. 50 a. Málið var leitt til lykta með dómi aukaréttar Þingeyjar-

sýslu 13. ágúst 1905, þannig, að varakrafa áfrýjandanna var að mestu leyti til greina tekin og voru þeir dæmdir til að greiða stórkaupmanni Louis Zöllner einn fyrir báða og báðir fyrir einn (2: in solidum) 3281 kr. 47 a. ásamt 6% vöxtum af þeirri upphæð frá 1. nóv. 1902 til þess greitt væri. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir að fengnu upp-reistarleyfi, dags. 31. maí f. á., skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. júní f. á. og krafist þess, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum Zöllners í máli þessu, en til vara, að krafa Zöllners verði enn færð niður um 60 krónur og að vextir af skuldinni verði að eins reiknaðir frá sáttakærudegi. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá stefnda, eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafizt þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða in solidum málskostnað að skaðlausu fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Aðalkröfu sína um algjörða sýknum í málinu byggja áfrýjendurnir fyrir yfirdóminum, eins og þeir gjörðu það fyrir aukaréttinum, á því, að þeim beri eigi skylda til að svara persónulega eða af eigin fé til hinnar umkröfðu skuldar, er L. Zöllner telur sig eiga hjá kaupfélagi Þórshafnar, eða að þeir að minsta kosti eigi ekki að svara til hennar frekara en sem einfaldir ábyrgðarmenn og þá eftir að fullreynt sé að skuldin fái ekki hjá félaginu sjálfu eða af eignum þess. En þetta er eigi rétt á litið. Með skuldbindingarskjali dags. 28. júní 1900 viðurkendu áfrýjendurnir og þriðji maðurinn í stjórn

kaupfélagsins, sem ekki kemur við mál þetta — en þeir voru allir þrír í stjórn kaupsfélags Þórshafnar — upphæð skuldar þeirrar, er félagið stæði í við L. Zöllner, og lofuðu í skjalinu fyrir félagsins hönd, að skuldin skyldi verða að fullu greidd, ásamt 6⁰/₀ vöxtum frá 1. jan. 1902, innan októberloka 1902. Síðan segir svo í skjalinu: »Þennan samning skuldbindum við undirskrifaðir oss til einn fyrir alla og allir fyrir einn, ásamt félagsdeildinni, samkvæmt 2. lið 6. greinar félagslaganna, að halda og fullnægja skuldskrefjanda að skaðlausu á réttum tíma«.

Með þessu hér tilfærða ákvæði skuldbindingarskjals þessa hafa stjórnendur kaupfélagsins, þar á meðal áfrýjendurnir, tekist beint sjálfir á hendur, hver einstakur þeirra, þá skyldu, að svara jafnframt félagsheildinni til skuldar félagsins til L. Zöllner, að hún yrði greidd honum innan þess tíma, er skuldbindingarskjalið til tók, og þar sem það er viðurkennt í málinu, að hin umkrafaða upphæð er eftirstöðvar af skuld þessari, sem eigi hefir verið greidd í tæka tíð, þá verður að dæma áfrýjendurna til að standa skil á þeim. Varakrafa áfrýjenda um niðurfærslu á skuldakröfu L. Zöllners verður heldur eigi tekin til greina, því að hvorki fyrir undirrétti né yfir dómi hafa verið færð nein rök fyrir þeirri niðurfærslu, er á verði byggt, gegn mótmælum stefnda. Og að því er snertir kröfu áfrýjenda um að vextir verði eigi taldir nema frá sáttakærudegi, þá fer sú krafa beint í bága við ákvæði skuldbindingarskjalsins 28. júní 1900, þar sem vextirnir eru taldir eiga að reiknast frá 1. jan. 1902.

Það verður því að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða aukaréttardóm, einnig ákvæði hans um máls-

kostnaðinn í héraði. En áfrýjendum ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda, Louis Zöllner, málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn -á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Árni bóndi Davíðsson á Gunnarsstöðum og Hjörtur hreppstjóri Þorkelsson á Ytra-Álandi greiði in solidum stórkaupmanni Louis Zöllner í Newcastle on Tyne málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagði aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 18. marzmán.

Nr. 37/1906:

Valdemar Thorarensen
gegn
Snorra Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af kaupmanni Snorra Jónssyni á Oddeyri út af verzlunarviðskiftaskuld, er talin er að upphæð 90 kr. 75 a., gegn kandidat Valdemar Thorarensen á Akureyri, og var málið dæmt í aukarétti